



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

22. JANÚAR 2026
ELDBORG HARPA

BRAHMS & SAARIAHO

VELKOMIN



VINSAMLEGAST HAFIÐ SLÖKKT
Á FARSÍMUM MEÐAN Á
TÓNLEIKUM STENDUR

TÓNLEIKAGESTIR ERU BEÐNIR UM
AÐ KLAPPA AÐEINS Í LOK TÓNVERKS

TÍMALENGD VERKA:

HAVA: 10'
HUSH: 24'
SINFÓNÍA: 46'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

BRAHMS OG SAARIAHO

TÓNLEIKAR Í ELDBORG, 22. JANÚAR 2026 KL. 19:30

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

JAN SÖDERBLOM
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

VERNERI POHJOLA
EINLEIKARI

LOTTA WENNÄKOSKI
Hava (2007)

KAIJA SAARIAHO
Hush, konsert fyrir trompet og hljómsveit (2023)
Make the thin air sing
Dream of falling
What ails you?
Ink the silence

HLÉ

JOHANNES BRAHMS
Sinfónía nr. 2 í D-dúr op. 73 (1877)
Allegro non troppo
Adagio non troppo
Allegretto grazioso quasi andantino
Allegro con spirito

JAN SÖDERBLÖM

HLJÓMSVEITARSTJÓRI



Finnski hljómsveitarstjórinn Jan Söderblom er af tónlistarfólki kominn og hóf fiðlunám á unga aldri. Hann fór snemma að koma fram sem einleikari en lagði einnig áherslu á kammermúsík. Hann var til að mynda einn af stofnendum Nýja Helsinki-kvartettsins árið 1982 og lék með honum víða um heim í tvo áratugi. En hugur hans hneigðist líka að hljómsveitarstjórn og hann hóf því nám hjá Jorma Panula og Leif Segerstam við Sibeliusakademíuna. Frá því að náminu lauk hefur Söderblom starfað jöfnum höndum sem fiðluleikari og hljómsveitarstjóri. Hann var konsertmeistari Fílharmóníusveitarinnar í Helsinki í rúman áratug (2014–25) og stýrði þá stundum hljómsveitinni frá púltinu, meðal annars í sínfóníum Sibeliusar. Hann er listrænn stjórnandi Finnsku kammersveitarinnar og fer einnig fyrir Tammisaari sumartónleikunum og tónlistarhátíðinni í Kauniainen/Grankulla.

Söderblom hefur stjórnað öllum helstu hljómsveitum í Finnlandi og hann var aðalhljómsveitarstjóri Pori Sinfonietta á árunum 2012–16. Þá hefur hann stjórnað ýmsum sveitum utan heimalandsins, svo sem Skosku kammersveitinni, Norsku útvarpshljómsveitinni KORK, sínfóníuhljómsveitunum í Norrköping og Helsingborg, Dönsku kammersveitinni og MDR útvarpshljómsveitinni í Leipzig. Hann hefur einnig stýrt óperum bæði í Finnlandi og Svíþjóð og á þessu starfsári stjórnar hann ballettinum *Öskubusku* eftir Prokofiev hjá Finnsku þjóðarballettinum. Söderblom kom fyrst fram með Sínfóníuhljómsveit Íslands sem gestakonsertmeistari í janúar 2023 og aftur á tónleikum 18. apríl 2024, þegar hann stjórnaði 41. sínfóníu Mozarts úr sæti konsertmeistara.

VERNERI POHJOLA

EINLEIKARI



Finnski trompetleikarinn og tónskáldið Verner Pohjola er einn dádasti djassleikari Evrópu. Hann býr yfir einstakri tjáningu eins og birtist í hlýjum og kvikum leik hans og tónsköpun hans hefur hlotið margs konar viðurkenningar. Árið 2017 hlaut hann Yrjö-verðlaunin sem er æðsta viðurkenning sem djassleikurum er veitt í Finnlandi og fjórum árum síðar var hann tilnefndur til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs.

Pohjola fæddist inn í fjölskyldu tónlistarmanna; faðir hans var bassaleikarinn Pekka Pohjola en afinn Ensti var sellóleikari og kórstjóri og í ættinni er margt fleira tónlistarfólk. Verner Pohjola vakti fyrst athygli með kvartett sínum Ilmiliekki Quartet sem skipaður var skólabræðrum úr Sibeliusarakademíunni. Fyrsta plata þeirra, *March of the Alpha Males*, kom út árið 2003 og árið eftir var Pohjola kjörinn tónlistarmaður ársins á djasshátíðinni í Pori. Pohjola hreppti Finnsku tónlistarverðlaunin (Emma) fyrir sólóplötu sína *Aurora* sem kom út árið 2009. Hann endurtók leikinn með plötunni *Bullhorn* (2015) sem þótti sýna fullþroska tónlistarmann með skýrt erindi og einstæðan, lýriskan tón.

Undanfarin ár hafa ekki síður verið Pohjola gjöful. Árið 2020 sendi hann frá sér plötuna *The Dead Don't Dream* sem hefur hlotið feikna góðar viðtökur og tveimur árum síðar stofnaði hann nýjan kvartett með pianóleikaranum Kit Downes, bassaleikaranum Jasper Høiby og Olavi Louhivuori trommuleikara. Fyrsta plata þeirra, *Monkey Mind*, kom út árið 2023, sama ár og Pohjola frumflutti *Hush*, trompetkonsert Kaiju Saariaho, sem saminn var í samstarfi við hann.

LOTTA WENNÄKOSKI

HAVA



TÓNLISTIN OG SÍ

Katie Buckley, hörpuleikari
Sinfóníuhljómsveitar Íslands,
flutti hörpukonsertinn *Sigla* eftir
Wennäkoski ásamt hljómsveitinni
í febrúar síðastliðnum, undir stjórn
Evu Ollikainen. *Hava* hefur ekki
áður hljómað á Íslandi.

Lotta Wennäkoski er fædd í Helsinki árið 1970 og stundaði tónsmíðanám við Sibeliusakademiuna, meðal annars hjá Kaiju Saariaho, auk þess sem hún sótti tíma hjá hollenska tónskáldinu Louis Andriessen í tónlistarháskólanum í Haag. Í upphafi ferils síns samdi hún einkum tónlist fyrir útvarpsleikhús og stuttmyndir en upp úr aldamótum fór vegur hennar vaxandi með verkum eins og *Sakara* fyrir hljómsveit (2003), strengjakvartettinum *Culla d'aria* (2004) og flautukonsertinum *Soie* (2009). Af nýrri verkum má nefna *Flounce*, sem var pantað af Breska ríkisútvarpinu (BBC) og frumflutt á lokakvöldi Proms-tónlistarhátíðarinnar 2017, *Hele* sem var pantað og flutt af Fílharmoníusveit Los Angeles 2018, hörpukonsertinn *Sigla* (2022), saminn fyrir Sivan Magen, og fiðlukonsertinn *Prosoidia* (2023), saminn fyrir Ilya Gringolts. Wennäkoski hefur í tvígang verið tilnefnd til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs.

Hava var pantað af Tapiola Sinfonietta í tilefni af 20 ára afmæli sveitarinnar og frumflutt í janúar 2008. Það hefur síðan hljómað í tónleikasöllum víða um Evrópu, í Norður-Ameríku og allt til Ástralíu enda bæði formfagurt og innihaldsríkt. Verkið byggist á vandlega könnuðum smáatriðum, vel útfærðum fyrir hljóðfærin, en tónlistin í heild er á stöðugri hreyfingu innan stærra forms, knúin smitandi orku.

KAIJA SAARIAHO

HUSH, KONSERT FYRIR TROMPET OG HLJÓMSVEIT



Hush er síðasta verkið sem Kaiju Saariaho (1952–2023) auðnaðist að ljúka áður en hún lést af völdum krabbameins í heila í júní 2023. Það var samið fyrir Veneri Pohjola sem frumflutti það með Finnsku útvarpshljómsveitinni í Helsinki í ágúst sama ár. Saariaho sagðist svo frá verkinu og tildrögum þess:

„Einleikstrompet leikur stórt hlutverk í fiðlukonsertinum *Graal Théâtre* (1994), fyrsta konsertinum sem ég samdi, og mig langaði að koma aftur að þeim efnivið í þessum konserti sem verður minn síðasti. Það var líka annað sem mig langaði að vitja á ný: *Not a Knight*, texti eftir Aleksí Barrière sem var skrifaður 2018 og fluttur kringum og samanvið *Graal Théâtre* eins og nokkurs konar spássiugreinar við tónlistina. Yfirskrift verksins og þáttanna fjögurra kemur úr þessum texta, þar sem sagnirnar um gralið eru endurtúlkaðar sem sóknin, í senn persónuleg og sameiginleg, eftir því að skapa tónlist og setja mark sitt á þögnina.

TÓNLISTIN OG SÍ


Þetta er frumflutningur trompetkonsertsins á Íslandi. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur áður flutt ýmis verk eftir Kaiju Saariaho. Landi hennar Osmo Vänskä stjórnaði flutningi á verkinu *Sept papillons* (Sjö fiðrildi) í föstudagsröð sveitarinnar árið 2017 og sama ár lék Kari Krikkur klarinettukonsertinn *D'om le vrai sens* (Hið sanna skilningarvit mannsins) undir stjórn Önnu-Mariu Helsing. Verkið *Ciel d'hiver* (Vetrarhiminn) hljómaði undir stjórn Vänskä í maí 2019 og Áshildur Haraldsdóttir fór með einleikshlutverkið í flautukonserti Saariaho, *Aile du songe* (Draumvængur), í janúar 2021 þegar Daniel Bjarnason stjórnaði. Þá flutti hljómsveitin Asteroid 4179: Toutatis undir stjórn Evu Ollikainen í febrúar 2023 og Lumière et pesanteur (Ljós og þyngdarafli) 30. maí í fyrra þegar Tabita Berglund hélt um tónsprotann.

Í fyrsta þættinum, „Make the thin air sing“, er mestallur efniviðurinn kynntur, þar á meðal titilorðið ‘hush’. Hann hefst á djúpu As-i og ferðast síðan upp á hærra tónsvið. Í öðrum þætti, „Dream of falling“, rennir einleikstrompetinn sér niður milli tóna, ýmist einn eða í félagi við ýmsar deildir hljómsveitarinnar, allt frá hásviði til kontrabassa, og endar urrandi á djúpu H-i sem er einn dýpsti tónninn sem hægt er að framkalla á trompet. (Þetta unnum við Veneri saman með því að hann spann út frá hugmyndinni um hljóð einhvers sem hrapar ofan í djúpan brunn og slæst utan í hliðar hans.) Þriðji þáttur, „What ails you?“, er dramatískur, en kaldur að því leyti að ég stillti mig um að hægja eða hraða á tónlistinni; rytminn helst algjörlega vélrænn. Hugmyndin að þessum ærandi rytma kom frá segulómunartækjum, en ég undirgekkst slíka skoðun mánaðarlega í veikindum mínum. Lokapátturinn, „Ink the silence“, er trompetsóló með undirleik þar sem einleikshljóðfærið ferðast gegnum hljómsveitarlandslag. Þegar þættinum lýkur áttum við okkur á því að það var landslagið sem hreyfðist, en ekki ferðalangurinn, og við horfum gegnum yfirborðsásýndina inn í þögn sem við höfum hlaðið minningum.

Verkið er tileinkað fjölskyldunni sem ég skil eftir á minni eigin ferð inn í þögnina.“

JOHANNES BRAHMS

SINFÓNÍA NR. 2



TÓNLISTIN OG SÍ

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur flutt 2. símfóníu Brahms yfir tuttugu sinnum, fyrst í Þjóðleikhúsinu árið 1951 þegar Róbert A. Ottósson hélt um tónsprotann. Þau sem hafa stjórnað verkinu í Eldborg eru Vladimir Ashkenazy (2015), Karina Canellakis (2017), Eva Ollikainen (2021) og Bertrand de Billy (2023).

Johannes Brahms (1833–1897) fæddist og ólst upp í Hamborg þar sem ótvíræðar tónlistargáfur hans komu snemma í ljós. Þær voru ræktaðar af ágætum kennurum og drengurinn varð fljótt góður píanóleikari en sýndi snemma að tónsmíðar áttu hug hans allan. Af þeim var þó bággt að lifa og hinn ungi Brahms aflaði sér tekna með píanóleik og kennslu. Hann gerði sér um tíma vonir um að fá fasta stöðu sem stjórnandi Fílharmóníusveitar Hamborgar, en er þær brugðust árið 1862 hélt hann suður til Vínarborgar að freista gæfunnar. Þar reyndist hann lánsamur. Honum var vel tekið af ýmsum ráðandi mönnum í tónlistarlífi borgarinnar, fljótlega fóru kammerverk eftir hann að heyrast auk þess sem hann vakti athygli fyrir píanóleik sinn. Það tók Brahms þó talsverðan tíma að festa rætur í Vín og hann sótti af og til heim til Hamborgar. En eftir að móðir hans dó árið 1865 varð það smám saman færra sem hélt í hann heima og jafnframt fór vegur hans vaxandi í Vín. Það sýndi sig meðal annars í því að árið 1872 var hann ráðinn listrænn stjórnandi *Gesellschaft der Musikfreunde* sem var lykilstaða í tónlistarlífinu. Þremur árum síðar tók Brahms þó þá ákvörðun að segja upp starfinu – freista þess heldur að lifa af tónsmíðum sínum og flutningi eigin verka og vera laus við ýmislegt umstang sem dró tíma og orku frá skriftunum. Hann veðjaði rétt, því nú fór í hönd sannkallað blómaskeið á ferli hans; meðal annars litu fjórar símfóníur dagsins ljós, sú fyrsta var frumflutt árið 1876 (en hafði verið lengi í gerð) og á hæla henni kom símfónía nr. 2 í D-dúr.

D-dúr símfóníuna hóf Brahms að semja sumarið 1877 meðan hann dvaldi í Pörtschach við Wörthervatn í suðurhluta Austurríkis. Þar er fagurt um að litast og margir telja að umhverfið hafi haft áhrif á verkið sem stundum er kallað sveitasælusímfónía Brahms, með vísun til 6. símfóníu Beethovens. Um haustið hélt Brahms til dvalar hjá Clöru Schumann, vinkonu sinni og velunnara. Þar hélt hann áfram að vinna að verkinu og við píanóið hjá Clöru fengu nánir vinir að njóta forsmekksins að því. Um miðjan október var símfónían fullgerð og frumflutningurinn átti sér stað í Vín þann 30. desember undir stjórn Hans Richter. Verkinu var strax vel tekið; áheyrendur kunnu greinilega vel að meta þetta bjarta, lýriska verk – einu símfóníu Brahms þar sem allir þættir eru í dúr. Vitaskuld inniber símfónían þó líka melankólíska skugga til mótvægis við birtuna.

Fyrsti þátturinn er í hefðbundnu sönötuformi þar sem tvö meginstef eru kynnt hvort á eftir öðru (hið síðara hljómar fyrst í viðlögum og sellögum). Síðan vinnur Brahms úr þeim á meistaralegan hátt þar til aftur er komið í heimatóntegundina D-dúr og stefin ítrekuð, en endinum er slegið ögn á frest til þess að gefa horninu færi á að taka tregafullan lokasnúning á upphafsstefinu.

Hægi þátturinn hefst á syngjandi sellóstefi sem fagottin byggja undir með nokkurs konar andstefi. Önnur hljóðfæri taka við keflinu og síðan heyrum við nýtt stef kynnt af flautum og óbóum. Það bregður sér yfir í moll og þróast svo í stormasaman millikafli áður en upphafsstefið nær að brjótast aftur fram á sviðið, en það gengur á ýmsu uns kyrrð kemst loks á í blálok þáttarins.

Í þriðja þætti ræður dansinn ríkjum, dálítið sveitalegur menúett sem byrjar sakleysislega en tekur hamskiptum í tvígang. Í fyrri skiptið stökkbreytist hann í hraðan dans í tvískiptum takti en verður seinna að tiplandi þrískiptum álfadansi áður en aftur er snúið í menúettinn.

Lokapátturinn einkennist af krafti og gleði; hann hefst í lágum hljóðum, *sotto voce*, áður en slegið er í klárinn og skellt á skeið. Brahms leikur sér með ýmsar gangtegundir, beitir óspart misgengi (synkóperingu) og öðrum rytmagöldrum og ákafinn er svo mikill að áheyrandinn þarf að hafa sig allan við að haldast í söðlinum á endasprettinum.

Svanhildur Óskarsdóttir

Á DÖFINNI

MACMILLAN Á MYRKUM

FIMMTUDAGUR 29. JANÚAR KL. 19:30

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar á Myrkum músíkdögum verða frumflutt tvö ný íslensk tónverk, eftir þær Báru Gísladóttur og Mariu Huld Markan Sigfúsdóttur. Þá hljómar hljómsveitarkonsert nr. 2 eftir Snorra Sigfús Birgisson en konsertinn hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem tónverk ársins 2024. Skotin Sir James MacMillan, eitt þekktasta tónskáld samtímans, er hljómsveitarstjóri tónleikanna. Básúnukonsert hans frá árinu 2017 hljómar í flutningi Jóns Arnars Einarssonar, leiðara básúndeildar hljómsveitarinnar.



HLJÓMSVEITARSTJÓRA- AKADEMÍAN

FIMMTUDAGUR 5. FEBRÚAR KL. 12:00

Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur nú í sjöunda sinn námskeið í hljómsveitarstjórn undir stjórn og leiðsögn Evu Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóra sveitarinnar. Í akademíunni fær ungt og efnilegt tónlistarfólk tækifæri til þess að spreyta sig á stjórnandapallinum undir styrki handleiðslu Evu Ollikainen. Þátttakendur akademíunnar stjórna Sinfóníuhljómsveit Íslands á hádegistónleikum í Eldborg sem eru opnir öllum og aðgangur er ókeypis.



ENDURVINNSLAN

LAUGARDAGUR 14. FEBRÚAR KL. 14:00

Thomas og Jesper eru slagverkssnillingar sem mynda tvíeykið Trash. Þeir leiða gesti Litla tónsprotans, ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands, inn í kraftmikinn og spennandi hljóðheim þar sem klassískur flutningur rennur saman við óhefðbundin hljóðfæri og einstaka hljóðgjafa. Slagverksleikararnir nota m.a. ruslatunnur, hjól og rör á frumlegan og skapandi hátt þar sem hávaði er breytt í hljómandi fegurð.

Tónleikarnir, sem eru sniðnir að ungum áheyrendum, eru um klukkustundarlangir og án hlés.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Christian Ellegaard
Jennifer Owen
Laufey Jensdóttir
Andrzej Kleina
Helga Póra Björgvinsdóttir
Rannveig Marta Sarc
Geirpróður Ása Guðjónsdóttir Skelton
Pálína Árnadóttir
Lin Wei
Margrét Kristjánsdóttir
Sigrún Harðardóttir

2. FIÐLA

Alexandra Woroniecka
Gunnhildur Daðadóttir
Kristján Matthíasson
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross
Hekla Finnsdóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Justyna Bidler
Ólöf Þorvarðsdóttir
Ingrid Karlsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þorfrís
Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Sarah Buckley
Kathryn Harrison
Guðrún Hrud Harðardóttir
Anna Elísabet Sigurðardóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Júlía Mogensen
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Urh Mrak
Margrét Árnadóttir

BASSI

T.C. Fitzgerald
Hávarður Tryggvason
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson Flauta
Rafael Adobas
Caterina Compagno

FLAUTA

Rafael Adobas
Caterina Compagno

ÓBÓ

Julia Hantschel
Matthias Nardeau
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Tomer Ornan
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Clara Manaud
Bryndís Þórsdóttir
Francisco Soutinho Ventura

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Yi-Ling Shih
Jason Friedman

TROMPET

Zach Silberschlag
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

BASSABÁSÚNA

David Bobroff

TÚBA

Itamar Ellis

PÍANÓ

Liam Kaplan

PÁKUR

Soraya Nayyar

SLAGVERK

Frank Aarnink
Steeff van Oosterhout
Kjartan Guðnason

AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LÍSTRÆNN STJÓRNANDI

Eva Ollikainen

FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Tryggvi M. Baldvinsson
lístrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar

Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvít Hrólfisdóttir
fjármálastjóri
Tracy Bass
nótnavörður
Althea Wetter
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs-
og tæknimála
Björk Björgúlfsdóttir
sviðsmaður

STJÓRN SÍ

Sigurður Hannesson
formaður stjórnar
Jóhanna Yr Jóhannsdóttir
Margrét Pálmadóttir
Emil Friðfinnsson
Ragnar Jónasson

CAROLINE SHAW: PORTRETT

FÖSTUDAGSRÖÐ



27. FEBRÚAR KL.18:00
ELDBORG HARPA

CAROLINE SHAW
ENTR'ACTE
IN MANUS TUAS
ITS MOTION KEEPS
LO, FIDLUKONSERT

Bandaríska tónskáldið, fiðluleikarinn og söngkonan Caroline Shaw er gestur hljómsveitarinnar á þessum tónleikum þar sem við kynnumst fjórum ólíkum verkum hennar. Caroline hefur hlotið fjölmörg Grammy-verðlaun en skaust upp á stjörnuhimininn árið 2013, þegar hún hlaut Pulitzer-verðlaunin. Hefðbundið tónleikaform verður brotið upp og mun hljómsveitin vera í hringuppstillingu á sviði og áhorfendur sitja umhverfis hljómsveitina. Ekki missa af einstöku tækifæri til að upplifa Caroline Shaw ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands og kammerkórnum Aurora undir stjórn Daniels Bjarnasonar.

Tónleikarnir eru um klukkustundarlangir og án hlés.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS